

**409. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 26. september
2019 og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Hafdís Gunnarsdóttir formaður, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Þór Bjarnason og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tólmundastöðvar.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, Skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnafulltrúar fyrir grunnskólamála: Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir og Harpa Henrýsdóttir, fulltrúar kennara.

Áheyrnafulltrúar fyrir leikskólamála: Gerður Einarsdóttir, fulltrúi starfsmanna og Catherine P. Chambers, fulltrúi foreldra leikskólabarna.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Starfsáætlanir og skýrslur grunnskóla starfsárið 2019-2020 - 2019090026

Lögð fram sameiginleg starfsáætlun leik- og grunnskólans á Flateyri fyrir skólaárið 2019 - 2020.

Lagt fram til kynningar.

3. Beiðni um að sameiginlegt skólaráð starfi í leik- og grunnskólanum í Öfundarfirði. - 2019090088

Lagður fram tölvupóstur frá Kristbjörgu Sunnu Reynisdóttur, dagsettur 13. september 2019 þar sem óskað er eftir umsögn fræðslunefndar um að eitt sameiginlegt skólaráð starfi í leik- og grunnskóla Öfundarfjarðar.

Fræðslunefnd samþykkir málið til eins árs til reynslu.

4. Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla skólaárið 2019-2020 - 2019080006

Lagðar fram starfsáætlanir fyrir leikskólann Laufás Þingeyri og leikskólann Tjarnarbæ á Suðureyri og sameiginleg starfsáætlun leik- og grunnskólans á Flateyri fyrir skólaárið 2019-2020.

Lagt fram til kynningar. Fræðslunefnd leggur til að skilað verði inn sameiginlegum skýrslum fyrir samrekna leik- og grunnskóla Ísafjarðarbæjar.

5. Skóladagatöl skólaárið 2019-2020 - 2019040008

Lagt fram nýtt leikskóladagatal fyrir leikskólann Eyrarskjól.

Fræðslunefnd samþykkir skóladagatalið.

6. Málefni leikskóla haust 2018 - 2018080029

Kynnt minnisblað Stefaníu Helgu Ásmundsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs er varðar umsögn foreldra og starfsmanna vegna nýrra viðmiðunarreglna í leikskólum Ísafjarðarbæjar.

Fræðslunefnd felur starfsmönnum skólasviðs að svara foreldrum leikskólabarna og starfsmönnum leikskólanna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00

Hafdís Gunnarsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Magnús Þór Bjarnason

Magnús Einar Magnússon

Guðrún Birgisdóttir

Stefanía Helga Ásmundsdóttir